

**VIÐAUKI**  
**Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum**

Við mat sitt er ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlitsins gert að kanna þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna varðandi helstu efni sem tengjast verksviði þeirra í ítarlegu viðtali og byggja umsögn sína m.a. á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Til glöggvunar á umfangi viðtalsins þá eru hér að neðan talin upp þau efnisatriði sem koma til með að mynda ramma viðtalsins.

**1. Þekking stjórnarmanns á starfsemi fjármálafyrirtækja almennt og starfsemi þess fjármálafyrirtækis sem í hlut á sérstaklega**

- Hver er sérstaða fjármálafyrirtækja í samanburði við annan atvinnurekstur?
- Hvert er hlutverk áhættustýringar í fjármálafyrirtæki og hvernig ber að skipuleggja þann þátt í starfseminni?
- Hvert er hlutverk innra eftirlits fjármálafyrirtækisins?
- Hvert er markmið opinbers eftirlits með fjármálafyrirtækjum og hvernig er því háttað?
- Hvaða lög gilda um fjármálafyrirtækið og hverjar eru meginreglur laganna?
- Hvað áhrif hafa alþjóðareglur og alþjóðlegt samstarf á starfsemi fjármálafyrirtækja?
- Hvernig er reikningsskilum fjármálastofnana háttað og hver eru helstu álitamál sem upp geta komið við mat á fjárhags- og/eða rekstrarstöðu og horfum á grundvelli þeirra?
- Hlutverk ytri endurskoðanda – hvað þýðir „endurskoðaður ársreikningur“?

**2. Reikningsskil og endurskoðun á fjármagnsmarkaði**

- Hvaða lög tengjast ársreikningum og endurskoðendum?
- Hver er rammur fyrir gerð og framsetningu reikningsskila?
- Alþjóðlegir reikningsskila- og endurskoðunarstaðlar (IAS 1 og ISA 200).
- Hver er tilgangur og markmið reikningsskila og endurskoðunar?
- Hver ber ábyrgð á/hefur eftirlit með reikningsskilum/endurskoðun?
- Mikilvæg hugtök í reikningsskilum/endurskoðun/samstæðureikningsskil
- Fjármálagerningar, eiginfjárgerningar, afleiður, áhættustýring og áhættuvarnarreikningsskil.
- Kennitölur og millifyrirsagnir í ársreikningum fjármálafyrirtækja.
- Hvert er hlutverk endurskoðunarnefnda, innri endurskoðunar og -eftirlits?
- Reikningsskil, fjármagnsmarkaðurinn og samfélagið.

**3. Hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni stjórnar og einstakra stjórnarmanna í fjármálafyrirtæki**

- Mótun áhættu- og viðskiptastefnu. Tengsl þessara tveggja stefnumótunarþátta.
- Mótun starfskjarastefnu og áhrif hennar á starfsemi fjármálafyrirtækis.
- Eftirlitshlutverk stjórnar og framkvæmd þess. Val stjórnenda og samskipti við þá.
- Ábyrgð stjórnarmanna á athöfnum sínum eða aðgerðaleyssi.
- Skyldur stjórnarmanna og góðir stjórnarhættir samkvæmt viðteknum viðmiðum viðskiptasamfélagsins.
- Áætlað vinnuálag sem stjórnarstörfín krefjast og helstu verkefni stjórnarmanns.
- Samfélagsleg ábyrgð og umboðsskyldur stjórnarmanna fjármálafyrirtækja
- Sjálfstæði stjórnarmanns og eðlilegar sjálfstæðiskröfur. Hagsmunatengsl stjórnarmanns og hugsanlegt vanhæfi í einstökum málum.
- Meginmunur á verkefnum/ábyrgð stjórnarformanns og annarra stjórnarmanna.

**4. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf**

- Röksemdir stjórnarmanns fyrir eigin hæfi og upplýsingar um aðstöðu til að gegna starfi stjórnarmanns.
- Afstaða stjórnarmanns til raunhæfra dæma úr rekstri fjármálafyrirtækja sem mögulega verða nefnd.